

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 8. nóvember 2022

Mál nr. S-1642/2022:

## Héraðssaksóknari

(Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Inga Lillý Brynjólfsdóttir lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 28. september sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 7. apríl 2022, á hendur: „X, kennitala [...], [...], Reykjavík, fyrir eftirfarandi brot svo sem hér greinir:

- Sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa laugardaginn 18. júlí 2020, að [...] í Mosfellsbæ, veist að A, kennitala [...], með ítrekuðum hnefahöggum í höfuð svo hann féll við þar sem ákærði hélt atögu sinni áfram, stappaði á höfði hans og hálsi og sló hann ítrekuðum hnefahöggum í andlit þar sem hann lá, allt með þeim afleiðingum að A hlaut mar, bólgur, eymsli og yfirborðsáverka víða á höfði, andliti og hálsi, 2 cm skurð á ytra eyra hægra megin, blæðingu inn á vinstra eyra og rof á hljóðhimnu og augntóftargólfsbrot á vinstra auga.
- Sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa að kvöldi föstudagsins 3. desember 2021, fyrir utan verslunina Hagkaup við Spöngina 25 í Reykjavík, kastað glerflösku í andlit B, kennitala [...], svo flaskan brotnaði, með þeim afleiðingum að B hlaut litla skurði víðsvegar á enni og þreifieymsli yfir nefbeini.

Teljast ákæruliðir 1 og 2 varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

- Fíkniefnalagabrot, með því að hafa að kvöldi laugardagsins 19. júní 2021, haft í vörslum sínum 1,97 grömm af maríhúana og 0,35 grömm af tóbaksblönduðu

kannabisefni, sem lögregla fann í vasa og bakpoka ákærða við leit á lögreglustöðinni við Þórunnarstræti á Akureyri.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

4. Brot gegn valdstjórninni, með því að hafa að kvöldi fimmtudagsins 1. október 2021, við Austurstræti í Reykjavík, sparkað í lögreglubifreið nr. [...] og í lögreglubifreið á leið á lögreglustöðina við Hverfisgötu, hrækt á lögreglumann nr. C, sem var þar við skyldustörf, þannig að hrákinn endaði á ermi við olnboga og haft í hótunum við sama lögreglumann og lögreglumann nr. D, með eftirfarandi orðum:

1 „Oh. þú ert svo sæt í andlitinu ég mun fokking nauðga andlitinu þín“

2 „Ógeðslega fokking mellán þín ég mun fokking nauðga þér í fokking rassgatið“

3 „Haltu fokking kjafti eða ég mun fokking ríða þér í fokking rassgatið“

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

5. Umferðarlagabrot, með því að hafa að morgni sunnudagsins 16. janúar 2022, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti, undir áhrifum áfengis (í blóði mældist vínandamagn 1,98 ‰) og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist kókaín 63 ng/ml) um Krosshamra í Reykjavík þar sem bifreið ákærða skall á kyrrstæðu bifreiðina [...] við Krosshamra [...], og í kjölfarið ekki sinnt skyldum sínum við umferðaróhappið heldur farið brott af vettvangi.

Telst þetta varða við d. lið 1. mgr. 14. gr., 1., sbr. 3. mgr. 49. gr., 1., sbr. 2. mgr. 50. gr., 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 94. gr. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og að sæta sviptingu ökuréttar samkvæmt 99. gr. og 101. gr. umferðarlaga. Þá er krafist upptöku á 1,97 grömmum af maríhúana og 0,35 grömmum af tóbaksblönduðu

kannabisefni, með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, með síðari breytingum.

*Einkaréttarkröfur:*

Af hálfu A, kt. [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða A 1.236.760 krónur auk vaxta af 436.760 krónum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og af 800.000 krónum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. júlí 2020 til 10. september 2020 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist að ákærði greiði A málskostnað skv. mati dómsins eða síðar framlögðum málskostnaðarreikning.

Af hálfu B, kt. [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða B skaða- og miskabætur samtals að fjárhæð kr. 700.000 með vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 03.12.2021 en síðan með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að krafan er birt til greiðsludags. Þá er þess jafnframt krafist að ákærða verði gert að greiða B málskostnað að skaðlausu, skv. síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að mati réttarins, að viðbættum 24% virðisaukaskatti, fyrir að halda fram bótakröfu sinni í málinu.“

Þann 15. september 2022 gaf héraðssaksóknari út ákæru á hendur ákærða og var meðferð málanna sameinuð, sbr. 1. mgr. 169. gr. laga um meðferð sakamála. Ákærði er þar ákærður „fyrir umferðarlagabrot með því að hafa sunnudaginn 10. júlí 2020 í Reykjavík ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist tetrahýdrókannabínól 7.1 ng/ml norður Höfðabakka uns lögregla stöðvaði aksturinn.

Mál 007-2022- [...]

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., allt sbr. 94. gr. og 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. nefndra umferðarlaga.“

Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af 1., 2. og 5. ákærulið ákæru frá 7. apríl 2022 og ákæru frá 15. september 2022 en að ákvörðun refsingar ákærða verði, hvað varðar 3. og 4. ákærulið ákærunnar frá 7. apríl 2022, þar sem hann hefur játað sök, aðallega frestað en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefst ákærði þess að bótakröfum vegna 1. og 2. ákæruliðar ákæru frá 7. apríl 2022 verði vísað frá en til vara að bætur verði stórlega lækkaðar. Loks krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

Við aðalmeðferð málsins lækkaði réttargæslumaður brotaþola samkvæmt 1. ákærulið fjárhæð bótakröfu úr 1.236.760 í 1.083.916 krónur.

## I

### *Málsatvik samkvæmt 1. ákærulið ákæru frá 7. apríl 2022*

Lögregla var laugardaginn 18. júlí 2020 kölluð að [...], [...], vegna líkamsárásar sem þá var yfirstaðin. Samkvæmt skýrslu lögreglu kom fram í tilkynningunni að fjórir til fimm einstaklingar hefðu ráðist á 16 ára dreng og veitt honum áverka og væri brotaþoli kominn á slysadeild. Hefði brotaþoli hringt í tilkynnanda sem þá hefði haft samband við afa brotaþola og hann hefði farið til brotaþola og komið honum á slysadeild. Á vettvangi mátti sjá blóðdropa á gólfi í forstofu, eldhúsi, stofu og borðstofu og að eitthvað af húsgögnum og innanstokksmunum hafði hreyfst til. Kom fram hjá tilkynnanda að brotaþoli vildi ekki segja hverjir árásarmennirnir væru og vildi ekki leggja fram kæru en segðist vita að árásin tengdist stúlku sem brotaþoli hefði kynnst. Í ljós hefði komið að hún ætti Z og væri það líklega hann sem hefði ráðist á brotaþola. Í samtali við lögreglu síðar sama dag sagði brotaþoli að ákærði hefði veist að honum og kýlt hann með krepptum hnefa og stappað á höfðinu á honum þegar hann lá á gólfinu.

Fyrir liggja ljósmyndir af vettvangi þar sem sjá má blóð á gólfi og myndir sem teknar voru af handarbökum ákærða síðar sama kvöld þegar lögregla hafði afskipti af honum vegna annars máls. Segir í skýringum að á myndunum megi sjá greinilega bólgu á hægri hendi. Í skýrslu lögreglu um þessi afskipti af ákærða kemur fram að ákærði var í svörtum og hvítum Vans-strigaskóm sem á var blóðkám og hafi þeir verið haldlagir. Jafnframt voru framangreindar myndir teknar vegna gruns um að ákærði hefði átt þátt í árásinni á brotaþola, og rætt við föður ákærða. Sagði ákærði óspurður að hann hefði *lamið A af því að hann átti það skilið*. Hefði faðir ákærða þá spurt hvað hann ætti við og hefði ákærði þá sagt að brotaþoli hefði verið að káfa á Z ákærða og *eitthvað meira alvarlegra*

*sem ég ætla ekki að segja þér. Við rannsókn á skóm ákærða var staðfest að um blóð væri að ræða.*

Þá liggja fyrir ljósmyndir af áverkum brotþola sem teknar voru á slysadeild og jafnframt var þar tekin skýrsla af honum. Sagði hann ákærða hafa kýlt sig mörgum sinnum með krepptum hnefa og trampað á hálsinum á sér, bæði þegar hann lá á gólfinu og í sófanum. Fjórir til fimm aðrir hefðu verið með ákærða og komið óboðnir inn í húsið. Hann hefði talað við ákærða nokkrum sinnum fyrir árásina og vitað að hann væri á leiðinni en talið að hann yrði einn. Ákærði hefði síðan birst inni í stofu hjá honum og ráðist á hann og teldi hann að ástæðan væri afbrýðisemi vegna stelpu. Sagði brotþoli að í símtali kl. 00:12 þann 19. júlí hefði ákærði spurt hvort þeir gætu ekki samið um þetta. Þá liggja fyrir skjáskot af samskiptum ákærða og brotþola fyrir og eftir árásina. Einnig liggur fyrir myndbandsupptaka sem brotþoli tók strax eftir árásina af vettvangi og af áverkum á andliti sínu, og sendi á Snapchat. Þá liggur fyrir mynd af brotþola með áverka á andlitinu og upplýsingaskýrsla vegna sendingar myndarinnar á Snapchat. Þar kemur fram að móðir brotþola hafi komið myndinni til lögreglu. Sagði hún ákærða hafa sett myndina á *My story* á Snapchat reikningi sínum. Með myndinni var eftirfarandi texti: *ogeðslegur gæji, spillti gellu mdma þegar hún var blindfull og káfar svo á henni þegar hún er í blackouti og reynir að riða henni. Hann var lúbarinn fyrir það og kaerir svo, djoss pika.* Undir myndina er skrifað @[...] og **DREYFIÐ!**

Fyrir liggur upplýsingaskýrsla vegna skoðunar á gögnum í síma ákærða. Má þar sjá tíu símtöl milli símanúmera ákærða og brotþola daginn sem atvik gerðust. Hringdi brotþoli sex sinnum í ákærða sem svaraði honum tvisvar og ákærði fjórum sinnum í brotþola sem svaraði í öllum tilvikum. Lögreglu barst tilkynning um atvik kl. 17:00 þennan dag og má af því ráða að öll símtölin nema tvö þau síðustu, þar sem brotþoli hringdi í ákærða, hafi átt sér stað áður en atvik gerðust og að ákærði hafi ekki svarað þessum tveimur símtölum. Loks liggur fyrir upplýsingaskýrsla og myndefni af ákærða og fleirum í strætisvangi á leið í [...].

Samkvæmt læknisvottorði, dags. 20. ágúst 2020, kom brotþoli til skoðunar á slysadeild 18. sama mánaðar og lýsti því að hann hefði verið sleginn ítrekað í höfuðið og sparkað í hann. Segir í vottorðinu að brotþoli hafi verið með augljósa áverka á höfði og andliti. Hann hafi verið með merki um mar víða í hársverði, við hvirfil og til beggja hliða, vinstra augað hafi verið sokkið og greinilegur margúll að myndast undir vinstra auga. Þá hafi hann verið með um tveggja cm skurð á ytra hægra eyra, blætt hafði inn á vinstra eyra

og hafi verið þar mikil bólga og roði og lítið rof á hljóðhimnu og hafi hann fundið fyrir heyrnartapi sem virtist vera að ganga til baka. Einnig hafi hann verið með mar í laginu eins og skófar yfir vinstra eyra, dreift mar og skrapsár undir báðum augabrúnum, mikla bólgu í nefi og nasavængjum beggja vegna og merki um blóðnasir, dreifða bólgu og eymsli á kinnbeini, dreift mar beggja vegna á hálsi og rispu utanvert á hægri upphandlegg. Var brotþoli greindur með augntóftargólfsbrot, marga yfirborðsáverka á höfði, nefblæðingu, mar á augnknetti og augntóftarvefjum, mar á augnlöki og augnsvæði, blómkálsseyra (boxaraeyra), mar á öxl og upphandlegg og marga yfirborðsáverka á hálsi. Segir í vottorði að stungið hafi verið á blæðingu í vinstra eyra til að koma í veg fyrir afmyndun og hefði bólga minnkað töluvert við það en samkvæmt mati háls- nef- og eyrnalæknis, sem sá blóðið í eyranu, hafi þar engin fersk blæðing verið en lítil rifa á hljóðhimnu.

Þann 21. júlí 2020, þremur dögum eftir að atvik gerðust, var gerð réttarlæknisfræðileg skoðun á brotþola. Er þar rakið að samkvæmt upplýsingum frá lögreglu hafi verið veist að brotþola þar sem hann stóð á stofugólfi og hann kýldur í andlitið þannig að hann datt á gólfið. Árásarmaðurinn hafi þá trampað á höfði/hálsi brotþola. Ekki hafi verið talið að brotþoli hefði misst meðvitund. Við skoðun á slysadeild greindist hann með beinbrot í andliti. Brotþoli lýsti því við skoðun að ákærði hefði veitt sér hnefahögg á vinstri vanga þannig að hann datt á gólfið og þar sem hann lá á hægri hliðinni hefði ákærði traðkað á höfði hans nokkrum sinnum. Hann hefði náð að standa upp en verið kýldur aftur í andlitið með þeim afleiðingum að hann kastaðist aftur á bak í sófa. Hann hefði náð að reisa sig aðeins við en ákærði slegið hann aftur hnefahögg og trampaði á höfði hans þar sem hann stóð yfir honum í sófanum.

Í niðurstöðu matsgerðar réttarmeinafræðingsins kemur fram að brotþoli hafi við skoðun verið með húðblæðingar með skrámu á enninu, húðblæðingar á báðum gagnaugasvæðum, húðblæðingar á gagnaugasvæði beggja megin sem teygðust aftur á bak upp á hvirfilsvæðið, húðblæðingar í kringum bæði augun og á nefinu sem og báðum eyrum, þar sem vinstra eyrað hafi verið hruflað, húðblæðingar á kinn og kjálkabarði sem og báðum upphandleggjum. Segir þar að útlit áverkanna eigi það sameiginlegt að vera ekki alveg ferskir en hafa orðið til fyrir léttan sljóan kraft. Útlit þeirra bendi til að þeir hafi orðið til eins og brotþoli lýsti, við hnefahögg, spörk og tramp. Þá sé ekki hægt að greina tilurð hvers og eins áverka en þó megi taka fram að útlit áverka á vinstra gagnaugasvæði/hvirfli bendi sterklega til að hann hafi orðið til fyrir sljóan kraft á móti

fleti með ákveðnu munstri og útlitið bendi til þess að þar gæti verið um að ræða skósóla. Séu áverkarnir ekki lífshættulegir en endurtekin högg, spörk og traðk á höfði, andliti og hálsi geti haft í för með sér lífshættulegt ástand.

Einnig var gerð réttarlæknisfræðileg skoðun á ákærða 21. júlí 2020. Kemur þar fram að ákærði sé grunaður um að hafa veist að öðrum dreng með hnefahöggum, spörkum og trampí. Hafi ákærði upplýst að hann væri réttthentur og að hann starfaði sem [...]. Í niðurstöðu matsgerðarinnar kemur fram að það hafi fundist staðbundnar bólgubreytingar vinstra megin á hálsi, húðblæðingar á hægri upphandlegg og hægri hné, mögulegar húðblæðingar á hægri 3. og 5. hnúa sem og þumalfingurspúðanum á hægri lófa, sár og hrúfl á vinstri olnboga, vinstra handarbaki, vinstri lófa, hægri sköflungi og vinstri ökkla. Hvað varðar tilurð áverkanna segir í matsgerðinni að útlit sársins á vinstri lófa bendi sterklega til að vera aðeins eldra en hvað varði aðra áverka bendi útlit þeirra til þess að þeir séu ekki alveg ferskir og að þeir hafi orðið til við sljóan kraft. Útlit og staðsetning áverkanna á hægri hnúa og hægri lófa bendi mögulega til að þeir hafi orðið við að hægri hendi hafi verið beitt til höggs gegnt hörðu yfirborði. Útlit og staðsetning annarra áverka sé ósértæk og ekki hægt að útiloka að þeir hafi orðið fyrir sljóan kraft fyrir umræddan atburð. Aðrir áverkar eru ekki taldir tengjast atvikum.

Þann 19. júlí 2020, daginn eftir að atvik gerðust, var tekin skýrsla af ákærða vegna málsins og kaus hann að tjá sig ekki um sakarefnið. Ákærði gaf skýrslu á ný, að eigin frumkvæði, 22. júlí 2020. Sagði hann brotaþola hafa verið góðan félagan sinn og hefðu þeir verið búnir að ákveða að hittast og reykja kannabis. Þegar hann var kominn þangað hefði hann spurt brotaþola hvort hann hefði byrjað Z ákærða MDMA nokkru áður og hefði hann viðurkennt það og að hafa snert hana þegar hún var í *blackout*. Kvaðst ákærði hafa verið orðinn pirraður og ýtt við brotaþola og þeir byrjað að rífast og brotaþoli ýtt honum á móti. Hann hefði síðan kýlt brotaþola og þeir farið að slást. Hefði hann kýlt brotaþola fjórum sinnum í andlitið með krepptum hnefa hægri handar og brotaþoli einnig kýlt hann. Þeir hefðu ýmist verið standandi eða liggjandi á meðan þeir slógust en mest standandi. Hann kvaðst ekki hafa sparkað í brotaþola og hefði eitthvert blóð verið á vettvangi þegar þessu lauk og taldi hann að það hefði komið frá brotaþola en hann kvaðst ekki hafa séð áverka á honum. Kvaðst hann ekki vilja tjá sig um framburð vitna þess efnis að hann hefði gengið beint að brotaþola og slegið hann þegar hann kom inn og að hann hefði stappað á höfði brotaþola og hálsi bæði þar sem hann lá á gólfinu og í sófanum. Útilokaði hann ekki að hann hefði slegið brotaþola svo fast að hann

beinbrotnaði. Þá staðfesti hann að hafa tekið myndband af sér með blóð á höndum og á fatnaði.

Fyrir liggur vottorð sálfræðings vegna brotþola, dags. 16. september 2022, og kemur þar fram að hann hafi, auk þess að leita til sálfræðings, leitað reglulega til [...] frá því í vor. [Heilsufarsupplýsingar].

### *Málsatvik samkvæmt 2. ákærulið ákæru frá 7. apríl 2022*

Samkvæmt skýrslu lögreglu var hún að kvöldi föstudagsins 3. desember 2020 kölluð að versluninni Hagkaupi í Spönginni vegna tilkynningar um að flösku hefði verið kastað í öryggisvörð. Kom fram að gerandi væri farinn af vettvangi en hann væri um það bil 170 cm á hæð og með skollitað hár og aflitaðar strípur. Á vettvangi var rætt við brotþola, B. Sagði hann nokkra stráka hafa komið inn í verslunina og hefði enginn þeirra verið með grímu. Hann hefði bent þeim á að það væri grímuskylda í versluninni og að þeir gætu nálgast grímur hjá afgreiðslukassanum. Einn þeirra, sem lögregla taldi að væri ákærði, hefði ekki hlustað á hann og haldið áfram inn í verslunina. Kvaðst hann hafa farið á eftir ákærða og lagt hönd á öxl hans og beðið hann að yfirgefa verslunina eða ná sér í grímu. Ákærði hefði ekki tekið vel í það og gert sig líklegan til að ráðast á brotþola sem kvaðst hafa snúið honum við og haldið honum að sér og haldið með hægri hendi yfir brjóstkassa hans og vísað honum út úr versluninni. Kvaðst brotþoli hafa staðið í anddyrinu þegar ákærði var kominn út og hefði hann þá kallað til hans og viljað tala við hann. Kvaðst hann hafa farið í dyragættina og gefið sig á tal við ákærða sem hefði þá tekið upp glerflösku og grýtt henni í brotþola með þeim afleiðingum að hann fékk skurð á andlitið. Strákarnir hefðu síðan hlaupið burt. Kvaðst hann ekki hafa séð flöskuna áður en ákærði hefði staðið fyrir aftan vini sína þegar þetta gerðist.

Á vettvangi var einnig rætt við vitnið E. Kom fram hjá henni að einstaklingurinn sem öryggisvörðinn hafði áður rifist við inni í versluninni, þar sem hann hefði ekki viljað nota grímu, hefði kastað flösku í öryggisvörðinn í anddyrinu. Síðan hefði gerandinn hlaupið á brott. Sagði vitnið að hann hefði verið á aldrinum 16–20 ára, með skollitað hár með aflituðum strípum, í gallabuxum og dökkblárrí peysu með hvítum stöfum eða skrift á. Þá kvaðst hún þekkja einn af þeim strákum sem voru í hópnum, F.

Brotþoli gaf skýrslu hjá lögreglu vegna málsins 13. desember 2021. Staðfesti hann þá þann framburð sem bókaður var eftir honum í frumskýrslu lögreglu og rakinn er hér að ofan. Sagði hann ákærða hafa slegið sig í brjóstkassann þegar hann tók í öxl hans

og þá hefði hann gripið utan um hann þannig að ákærði sneri baki í hann. Hefði hann gert sig líklegan til að reyna að slást við brotþola. Hefðu félagar ákærða reynt að fá hann til að hlýða. Kvaðst hann telja að ákærði hefði verið um einn metra frá honum þegar hann kastaði flöskunni og hefði hann fengið flöskuna efst á nefið og á ennið og hefði flaskan, sem var full af bjór, brotnað. Þetta hefði verið bjórflaska af tegundinni Stella Artois.

Fyrir liggur læknisvottorð, dags. 16. desember 2021, vegna komu brotþola á slysadeild. Kemur þar fram að við skoðun hafi brotþoli verið með marga skurði víðsvegar á enni og þreifieymsli yfir nefbeini og verið greindur með marga yfirborðsáverka/sár á andliti. Einnig liggja fyrir ljósmyndir af ummerkjum á vettvangi, og myndir af brotþola þar sem sjá má áverka á honum. Þá liggja fyrir myndir og upptaka af ákærða og m.a. félögum hans á vettvangi. Má sjá að ákærði er í bláum buxum og jakka með hvítum stöfum og með bjórflösku í buxnavasa inni í versluninni. Það má af upptökunni ráða hvenær flöskunni var kastað og hún brotnaði en ekki sést þar hver kastaði henni.

Þann 14. desember 2021 var tekin skýrsla af ákærða vegna málsins og kaus hann að tjá sig ekki um sakarefnið.

#### *Málsatvik samkvæmt 5. ákærulið ákæru 7. apríl 2022*

Samkvæmt skýrslu lögreglu var hún 16. janúar 2022 kölluð á vettvang að [...] vegna umferðaróhapps og kom fram að ökumaður væri mögulega ölvaður. Stuttu síðar barst lögreglu tilkynning um að átök væru í gangi og skömmu síðar um að annar aðilinn væri vopnaður hnífi. Á vettvangi reyndist bifreiðin [...] vera skemmd að framan og mikið uppnám ríkjandi. Lögreglumaður nr. G, sem staddur var í götunni, sagði lögreglu að ákærði hefði verið ökumaður [...] og hefði hann ekið bifreiðinni á kyrrstæða bifreið og í kjölfar þess hefðu orðið átök milli hans og ákærða. Ákærði hefði síðan tekið upp hníf en svo hlaupið á brott. Einnig var á vettvangi rætt við H, föður ákærða, og I, afa ákærða, og sögðu þeir að ákærði hefði komið akandi á bifreiðinni [...] og hefði hann verið undir áhrifum áfengis. Sagði faðir ákærða að hann hefði hlaupið burt í átt að sjónum frá [...]. Við rannsókn málsins var einnig tekin skýrsla af afa ákærða. Samkvæmt skýrslu lögreglu var ákærði handtekinn stuttu síðar og hafði hann þá verið innandyra að [...]. Var hann sjáanlega í annarlegu ástandi og fannst áfengislykt úr vitum hans.

Á vettvangi ræddi lögregla einnig við vitnið J, umráðamanns bifreiðarinnar [...], og kvaðst hún hafa heyrt mikinn dynk og kíkt út og hefði þá verið búin að aka á bifreið

hennar sem hafði verið kyrrstæð og mannláus fyrir framan [...]. Lögreglumaður nr. G kvaðst einnig hafa heyrt háværan skell og þá litið út og séð að það var búinn að aka á bifreiðina. Hann hefði séð för eftir hjólarða í snjónum og elt þau að [...] þar sem bifreiðin [...] var og ákærði við hana. Hefði ákærði orðið æstur þegar hann kynnti sig sem lögreglumann og hefði hann reynt að halda ákærða á vettvangi uns lögreglan kæmi og verið með lögreglu í símanum. Hefði ákærði slegið til hans og einnig lagt hníf upp að hálsi sínum og talað ítrekað um að hann væri búinn að missa bílprófið. Kvaðst hann hafa náð að róa ákærða sem hefði æst upp aftur þegar faðir hans kom á vettvang og hefði hann þá aftur veist að vitninu og slegið hann ítrekað með krepptum hnefa í andlitið. Faðir ákærði hefði síðan náð ákærða burt með sér en ákærði síðan sloppið frá honum. Einnig ræddi lögregla við vitnið K, íbúa í götunni. Kvaðst hún hafa heyrt þegar bifreið var ekið inn götuna á miklum hraða og hefði hún skömmu síðar heyrt mikinn hvell. Hefði hún þá farið út og séð að bifreiðin [...] var skemmd og afturhluti hennar var kominn inn í grindverk. Hefði hún fylgt nágranna sínum, sem væri lögreglumaður, að [...] þar sem hann hefði rætt við ákærða um að hringja á lögreglu og hefði ákærði þá orðið æstur. Kvaðst hún hafa séð átök milli þeirra og að ákærði sló lögreglumanninn og tók upp hníf.

Upptaka úr eftirlitsmyndavél á húsi við götuna liggur fyrir og skýrsla lögreglu um efni hennar. Kemur þar fram að sú athugasemd barst frá eiganda eftirlitsmyndavélarinnar að tíminn á henni væri ekki réttur, hún væri 35 mínútum of fljót. Þá kemur fram í skýrslunni að ekki sé hægt að greina skráningarnúmer bifreiðanna á upptökunni en þau komi fram í öðrum málgögnum. Á upptökunni megi sjá, eins og fram komi í skýrslunni, að kl. 09:42:28 var bifreiðinni [...], sem er hvít Toyota [...], ekið frá [...] og að bifreiðinni [...], sem sé grá Hyundai [...], og hafi þá verið kyrrstæð. Hafi verið kveikt á aðalljósakerum og afturljósakerum á bifreiðinni [...]. Klukkan 09:42:31 megi sjá að bremsuljós kvikni aftan á bifreiðinni [...] rétt áður en henni er ekið framan á kyrrstæðu bifreiðina [...]. Eftir það sé bifreiðinni [...] ekið burt án þess að ökumaður hafi kannað aðstæður á vettvangi.

Fyrir liggur vottorð rannsóknarstofu HÍ í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 21. janúar 2022, vegna alkóhólákvörðunar í blóði og reyndist niðurstaða mælingarinnar vera 1,98%. Einnig liggur fyrir matsgerð rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 10. febrúar 2022. Þar kemur fram að í blóðsýni frá ákærða hafi mælst kókaín, 63 ng/ml. Í matsgerðinni segir um efnið: *Efnið er í flokki ávana- og fíkniefna, sem óheimil eru á íslensku forráðasvæði. Ökumaður telst því hafa verið óhæfur*

*til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar sýnið var tekið, sbr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.*

Ákærði gaf skýrslu vegna málsins sama dag og atvik gerðust og kaus hann að tjá sig ekki um sakarefnið.

*Málsatvik samkvæmt ákæru dags. 15. september 2022*

Samkvæmt skýrslu lögreglu var ákærði að kvöldi sunnudagsins 10. júlí 2022 stöðvaður við almennt umferðareftirlit þegar hann ók bifreiðinni [...] norður Höfðabakka við Stórhöfða í Reykjavík og var ætlun lögreglu að athuga með ástand ökumanns og réttindi. Segir þar að skýrsluritari, lögreglumaður nr. L, hafi þekkt ökumann sem ákærða vegna fyrri afskipta. Hafi ákærði sagt að hann væri ekki kominn með ökuréttindi og hefði honum þá verið kynnt réttarstaða sín sem hann kvaðst skilja. Hafi ákærði verið sljór í háttum, þurr í munnvikum og rauðeygður. Kvaðst hann síðast hafa neytt áfengis og fíkniefna þremur vikum fyrr. Ákærði gaf munnvatnssýni sem sýndi jákvæða niðurstöðu á THC og blés í áfengismæli sem sýndi neikvæða niðurstöðu. Ákærði var í kjölfarið handtekinn vegna gruns um akstur undir áhrifum fíkniefna og fluttur á lögreglustöð þar sem tekið var úr honum blóðsýni en farþegi tók við akstri bifreiðarinnar. Á lögreglustöð neitaði ákærði að undirrita upplýsingablað fyrir handtekna menn sem honum var kynnt og neitaði að gefa þvagsýni.

Fyrir liggur matsgerð rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 21. júlí 2022. Þar kemur fram að í blóðsýni frá ákærða hafi mælst Tetrahýdrókannabínól, 7,1 ng/ml. Í matsgerðinni segir um efnið: *Efnið er í flokki ávana- og fíkniefna, sem óheimil eru á íslensku forráðasvæði. Ökumaður telst því hafa verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar sýnið var tekið, sbr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.*

Þá liggur fyrir óundirrituð sektargerð, dags. 3. ágúst 2022, þar sem ákærða var boðið að ljúka málinu með greiðslu sektar og sakarkostnaðar og með sviptingu ökuréttar.

## II

Fyrir liggur læknisvottorð frá [...], dags. 12. maí 2022, vegna ákærða þar sem fram kemur að hann hafi notið þjónustu [...] á árunum 2017 til 2020. Hafi hann útskrifast þaðan með eftirfarandi greiningar: [...] sem venjulega hefjast í bernsku eða á unglingsárum og önnur vandamál tengd félagslegu umhverfi. Einnig liggur fyrir vottorð

frá [...], dags. 21. september 2022, þar sem staðfest er að ákærði dvaldist þar 23. ágúst til 1. september 2022.

### III

#### *Framburður ákærða og vitna fyrir dómi*

Ákærði sagði, hvað varðar 1. ákærulið ákæru frá 7. apríl 2022, að brotápoli hefði hringt í hann og sagt honum að hann væri einn heima. Kvaðst hann áður hafa farið til brotáþola og hefðu oft margir verið þar og góð stemmning. Um viku áður en þetta gerðist hefði brotápoli byrjað Z ákærða MDMA og reynt við hana og hann frétt það nokkru síðar. Upphaflega hefði hann ekki trúnað þessu. Hefðu þeir ætlað að reykja heima hjá brotáþola og hefði hann átt von á því að fleiri væru þar. Kvaðst hann hafa hitt nokkra vini sína í Spönginni, en hann myndi nú ekki hverjir það voru, og þeir ákveðið að koma með til brotáþola. Hann hefði gengið á brotáþola og spurt hann hvort hann hefði gefið Z ákærða MDMA þegar hún var blindfull. Hefði hann orðið pirraður út í brotáþola og ýtt honum og brotápoli ýtt ákærða á móti. Kvaðst ákærði þá hafa kýlt brotáþola og þeir farið að slást. Hann myndi ekki mikið eftir þessu og væri ekki stoltur af þessu en þeir hefðu verið vinir þegar þetta gerðist. Myndi hann ekki eftir að hafa sparkað í brotáþola eða hvernig þessi slagur endaði en brotápoli hefði verið með einhverja áverka eftir þetta. Sjálfur hefði hann einnig verið með áverka. Kvaðst hann ekki vita hvað hefði getað valdið þeim áverkum sem brotápoli reyndist vera með.

Þá kom fram hjá ákærða að lögregla hefði haft afskipti af honum og félögum hans síðar þetta sama kvöld en þeir hefðu farið inn í hjólhýsi og verið þar að drekka áfengi. Hann hefði verið edrú þegar atvik gerðust. Var ákærða kynnt að í skýrslu lögreglu vegna þeirra atvika hefði hann sagt óspurður að hann hefði *lamið [brotáþola] af því að hann átti það skilið*. Kvaðst ákærði ekki muna eftir að hafa sagt þetta og ekki vita hvort þetta væri rétt.

Ákærði kvaðst muna eftir að hafa séð mynd af brotáþola sem tekin var eftir þetta. Var ákærða kynnt að hann hefði á Snapchat sagt að þetta væri eftir hann og kvaðst ákærði ekki muna eftir því. Þeir hefðu lent í slagsmálum en þetta hefði ekki verið skipulagt. Sagði hann að brotápoli hefði ráðist á hann og hann ýtt brotáþola á móti. Brotápoli hefði slegið hann einhver hnefahögg og *kannski eitthvað með hnjúnum* en hann myndi ekki hvar þau högg lentu á honum. Ákærði staðfesti að það hefði verið hann sem sló fyrst. Þá var ákærða kynnt að fram hefði komið hjá vitnum sem voru á vettvangi að hann hefði

lamið brotþola og sagði ákærði að þetta gæti vel verið rétt. Kvaðst hann hafa þekkt fólkið sem kom með honum til brotþola. Þá var ákærða kynnt að þau vitni sem gáfu skýrslu hjá lögreglu hefðu ekki heyrt að brotþoli hefði gefið fyrirverandi Z ákærða MDMA. Ákærði kvaðst hafa spurt brotþola um þetta og hefði hann viðurkennt að hafa gefið henni MDMA. Myndi hann ekki hvort þeir sem voru með honum hefðu séð það sem gerðist. Þá kvaðst hann hafa sett eitthvað á samfélagsmiðla sína um þetta atvik en hann myndi ekki hvað.

Ákærða var sýnd framlögð mynd af brotþola sem talin var hafa verið á Snapchat hjá honum. Kvaðst ákærði ekki muna hvort hann hefði verið með myndina þar en hann hefði verið með *snappið* [...]. Var ákærða kynnt að þarna kæmi fram að brotþoli hefði verið lúbarinn og að þarna stæði: *Hann var lúbarinn fyrir það og kaerir svo, djoss pika*. Kvaðst ákærði ekki vita hvort hann hefði skrifað þetta eða hann hefði afritað þennan texta. Hefði einhver sent honum myndina og hann *kóperað* hana.

Þá kvaðst ákærði ekki muna eftir að hafa séð myndband á Snapchat af blóðugri hendi sinni og peysu. Lögreglan hefði tekið skóna hans til rannsóknar en hann vissi ekki hvort það hefði verið blóð á þeim eða hvort hann hefði verið spurður út í það. Ákærði kvaðst hafa farið í vímuefnameðferð og sér gengi vel. Kvaðst hann ekki vilja tjá sig frekar fyrir dómi.

Brotþoli, A, sagði að þeir ákærði hefðu þennan dag talað saman með skilaboðum um að hittast og reykja gras. Kvaðst hann ekki hafa átt von á því að ákærði myndi koma og ráðast á hann. Hann hefði heyrt hurðina skellast og séð ákærða koma inn. Kvaðst hann þá hafa staðið í miðri stofunni og ákærði komið þangað og slegið hann hnefahögg og hefði hann þá dottið á gólfið. Vissi hann ekki hvort ákærði hefði notað hægri eða vinstri hönd. Síðan hefði ákærði stappað ofan á höfðinu á honum og í kjölfar þess barið hann í höfuðið. Kvaðst hann hafa náð að ýta ákærða af sér og standa upp. Hefði hann þá metið það svo að það væri best að gera ekki neitt þar sem það hefðu verið svo margir í stofunni, að hann teldi fimm til sex manns, og hefðu þeir sem voru í stofunni verið viðstaddir allan tímann. Ákærði hefði síðan hent honum í sófann *með hnefahöggum* og stappað ofan á honum þar sem hann var í sófanum. Kvaðst hann ekki vita hversu mörg högg eða spörk hann hefði fengið á höfuðið og telja að hann hefði lýst því í skýrslu sem hann gaf hjá lögreglu. Þetta hefði endað þannig að hann hefði legið í sófanum allur í blóði, eitthvað hefði verið hrópað á hann og síðan hefðu allir farið út. Staðfesti brotþoli rétta þá lýsingu á afleiðingum árásarinnar sem kæmi fram í ákæru. Hefði hann verið í áfalli eftir að ákærði

fór og það fyrsta sem hann gerði hefði verið að senda mynd til vinkonu sinnar og þaðan hefði sú mynd farið í dreifingu. Síðan hefði hann ítrekað reynt að hringja í foreldra sína en þau ekki svarað og þá hringt í afa sinn og ömmu. Vissi hann ekki hvers vegna hann hefði ekki hringt í lögreglu en hann hefði verið í miklu áfalli. Afí hans hefði síðan sótt hann og farið með hann á spítala. Þar hefði hann fengið róandi lyf sem hefðu haft áhrif á minni hans og myndi hann lítið eftir að hafa rætt við lögreglumenn.

Brotapoli sagði að ekkert hefði farið á milli hans og ákærða áður en ákærði réðst á hann. Taldi hann að ákærði hefði ráðist á hann vegna einhverrar stelpu og hefði þetta verið afbrýðisemi. Hefði hann verið sakaður um að hafa byrjað fyrrverandi Z ákærða eiturlyf en það væri ekki rétt. Kvaðst hann einungis hafa átt von á ákærða til sín en engum öðrum. Af þeim sem komu með ákærða heim til hans hefði hann þekkt vitnið M en ekki aðra. Hann hefði aðeins náð að ýta ákærða frá sér en hefði ekki kýlt hann á móti eins og ákærði héldi fram og sagði hann að ef hann hefði gert það hefði sést á ákærða. Það hefði verið margt fólk með ákærða og hefði hann upplifað það svo að ef hann gerði eitthvað myndu þau öll hoppa á hann. Brotapoli sagði að ákærði hefði verið ofan á honum og sýndi hvernig hann hefði þá haldið báðum höndum fyrir framan andlitið á sér og ýtt aðeins frá sér. Þetta hefði ekki verið slagur heldur hefði ákærði verið að ganga í skrokk á honum. Frá því að ákærði og félagar hans fóru og þangað til afí hans kom hefðu liðið 30 til 40 mínútur. Kvaðst brotapoli hafa misst þvag í sófann þegar ákærði réðst á hann. Hann kvaðst hafa verið í sambandi við ákærða seinna um kvöldið. Var brotapola kynnt yfirlit yfir símtöl milli hans og ákærða þennan dag og kvaðst hann hafa hringt í ákærða en ekki muna tímasetningar eða hvers vegna hann hefði verið að reyna að ná í ákærða. Hann hefði sent honum SMS-skilaboð og sagt að hann væri *fucked* og meiningin með því hefði verið sú að hann ætlaði að kæra hann. Þá kannaðist hann við að hafa hringt í ákærða um kvöldið og hann ekki svarað. Minntist hann þess að ákærði hefði hóttað því að segja foreldrum hans að hann hefði tekið MDMA og telja að þá hefði það verið vinkona ákærða sem hringdi í hann.

Brotapoli sagði að eftir þetta hefði hann verið mjög kvíðinn. Hann hefði ekki þorað að mæta í skólann aftur eftir að hafa séð tvo af strákunum þar og hefði einangrað sig í einhverja mánuði eftir þetta. Fjölskylda hans hefði aðstoðað hann og dregið hann út. Liði sér enn ekki vel en hann ætti erfitt með að lýsa því. Líkamlega væri hann búinn að ná sér eftir árásina en væri enn að leita sér sálfræðiaðstoðar. Var brotapola kynnt að samkvæmt framlögðu vottorð sálfræðings hefði hann verið að glíma við áfallastreitu og

mikinn kvíða og staðfesti brotþoli það. Staðfesti hann einnig að frásagnir á samfélagsmiðlum um meint kynferðisbrot hans hefðu valdið honum vanlíðan. Væri hann enn að glíma við martraðir en eyrnasuðið væri farið.

M kvaðst muna eftir að hafa farið með ákærða, N og fleirum í strætó umrætt sinn. Eftir að hann fór út úr strætó í [...] hefði hann ákveðið að fara ekki með þeim en hann minntist þess ekki að rætt hefði verið um að þau færu til brotþola. Hann hefði hringt í föður sinn sem hefði sótt hann. Hann hefði því aldrei farið heim til brotþola og minntist þess ekki að hafa verið þarna. Var vitninu kynnt að brotþoli hefði sagt hann hafa verið á vettvangi og sagði vitnið að það væri ekki rétt. Bæði brotþoli og ákærði væru kunningjar hans. Hann hefði heyrt að brotþoli hefði nauðgað Z einhvers sem þá hefði orðið brjáláður. Brotþoli hefði síðar sagt honum frá árásinni. Var ákærða kynntur framburður sinn hjá lögreglu og kvaðst hann telja að hann hefði farið til vinar síns áður en faðir hans sótti hann.

O kvaðst þekkja ákærða en ekki brotþola. Á þessum tíma hefði hann verið í mikilli neyslu fíkniefna og myndi hann ekki eftir atvikum eða að hafa verið á vettvangi í [...]. Hann myndi eftir að hafa gefið skýrslu hjá lögreglu vegna málsins en ekki það sem fram kæmi í skýrslunni um að hann hefði farið til brotþola og hitt þar féлага ákærða. Þá myndi hann heldur ekki eftir því að hafa farið út á meðan slagsmál voru í gangi og að hann hefði ekki viljað vera meðsekur. Kvaðst hann halda að hann hefði munað þetta betur þegar hann gaf skýrsluna en nú vissi hann ekki hvað hann sagði þá. Hann hefði verið undir áhrifum í skýrslutökunni og verið þá búinn að vaka í þrjá sólarhringa. Var vitninu kynnt að hjá lögreglu hefði hann sagt að ákærði og brotþoli hefðu verið að berja hvor annan og hefði hann gengið út áður en slagsmálin hættu. Kvaðst vitnið ekki muna þetta nú.

P kvaðst lítið muna eftir atvikum annað en að það hefðu orðið slagsmál. Hann hefði farið í [...] ásamt ákærða og a.m.k. Q, O og N, og þau ætlað að *chilla* þar. Kvaðst hann ekki þekkja brotþola, sem hefði hleypt þeim inn, en aðrir hefðu verið komnir inn á undan honum. Hann hefði ekki séð hvernig slagsmálin byrjuðu en myndi ekki segja að ákærði hefði ráðist á brotþola. Spurður hvort hann hefði séð högg kvaðst vitnið ekki muna eftir þessu né heldur hvort þeir hefðu verið með áverka eftir þetta. Hefðu slagsmálin endað þegar þeir fóru. Enginn hefði reynt að stöðva slagsmálin eða aðstoða ákærða og vissi hann ekki hvers vegna. Myndi hann ekki hvort ákærði hefði verið búinn að tala um það áður að gera brotþola eitthvað. Vitnið kvaðst minnst þess að hafa gefið

skýrslu hjá lögreglu vegna málsins. Var vitninu kynnt að þá hefði komið fram hjá honum að ákærði hefði farið inn til brotaþola á undan hinum og byrjað að lemja hann. Hefðu þau horft á þetta í mínútu og svo farið út aftur. Kvaðst vitnið ekki muna eftir að hafa sagt þetta eða hvort þetta væri rétt en taldi að hann gæti hafa munað atvik betur þegar hann gaf skýrsluna. Ákærði hefði haft frumkvæði að því að fara til brotaþola.

Vitninu var kynnt að í skýrslu hjá lögreglu hefði hann sagt að hann hefði farið á eftir ákærða inn og heyrt öskur og þá séð brotaþola liggjandi í horninu og ákærða vera að lemja hann og sparka í hann. Brotaþoli hefði síðan farið að sófanum og þá lagst aftur. Kvaðst hann ekki hafa séð að brotaþoli hefði náð að lemja ákærða á móti. Kvaðst vitnið ekki muna eftir að hafa sagt þetta. Þá var vitninu kynnt að hann hefði einnig sagt að ákærði hefði lamið brotaþola alls staðar með krepptum hnefa og sparkað í hann um allan líkamann og kvað vitnið sig eiginlega ekki ráma í þetta. Kvaðst hann ekki vita hvort þetta hefðu verið slagsmál eða árás.

N sagði að hún hefði ásamt fleirum, m.a. P, farið með ákærða heim til brotaþola en hún hefði ekki þekkt brotaþola. Hefði hún haldið að þau væru að fara til brotaþola til að *chilla*. Hún hefði verið fyrir utan að klára að reykja þegar ákærði fór inn en síðan hefði hún heyrt rifrildi og þá farið inn og séð að þeir voru að slást. Kvaðst hún hafa hugsað sem svo að það væri best að leyfa þeim að klára þar sem annars yrði óþarfa innibýrgð reiði á milli þeirra. Þegar slagurinn var búinn hefðu þau farið. Sagði vitnið að þau hefðu aldrei verið öll inni á sama tíma og hún verið sú eina sem var inni allan tíma. Kvaðst hún ekki vita um hvað þeir hefðu verið að rífast. Sagði vitnið að þeir hefðu sparkað og kýlt hvor í annan og hefðu þeir verið með áverka eftir þetta, ákærði m.a. á hnúum og brotaþoli með blóðnasir.

Var vitninu kynnt sú atvikalýsing sem fram kemur í ákæru og kvaðst hún hafa séð það gerast sem þar væri lýst en sagði að brotaþoli hefði einnig gert eitthvað. Þeir hefðu báðir staðið við svalahurðina og þá hefði brotaþoli ýtt ákærða í átt að hurðinni. Ákærði hefði þá tekið í brotaþola og þeir rífið hvor í annan en ákærði náð að setja brotaþola í sófann og þá hefði brotaþoli sparkað í ákærða og kýlt hann í lærið til að fá hann til að hætta. Brotaþoli hefði þá legið á bakinu og sparkað í ákærða, sem hefði bakkað frá. Hefði brotaþoli *gefið ákærða hnéspörk* þegar ákærði stóð yfir honum. Á meðan brotaþoli hefði enn verið að reyna að sparka í ákærða hefði ákærði farið yfir brotaþola og þeir haldið áfram. Kvaðst hún á endanum hafa rífið í ákærða og sagt honum að hætta

en þá hefði hún séð að það var komið blóð og ákærði orðinn pirraður á höggum frá brotþola.

Vitnið sagði að ákærði hefði fremur stigið á brotþola en að hann hefði sparkað í hann og hefði hann þannig haldið brotþola niðri. Þá sagði hún að brotþoli hefði aldrei legið á gólfinu heldur einungis í sófanum og ákærði aldrei sparkað í brotþola á gólfinu. Hvorugur þeirra hefði lent á gólfinu þegar hún sá til. Kvaðst hún ekki minnst þess að aðrir viðstaddir hefðu reynt að stöðva slagsmálin. Þá kvaðst hún sjálf ekki hafa séð fyrsta höggið. Var vitninu kynnt að brotþoli hefði sagt að hann hefði einungis verið að verja sig og sagði vitnið þá að ákærði hefði ekki gert neitt annað en að standa yfir brotþola þegar hann var að sparka.

Vitnið kvaðst ekki muna eftir því að hafa gefið skýrslu vegna málsins hjá lögreglu. Var henni kynnt að þá hefði komið fram hjá henni að hún hefði séð ákærða lemja brotþola og það hefði verið blóð úti um allt og kvaðst hún nú ekki muna eftir að hafa séð þetta. Á þessum tíma hefði hún aldrei verið edrú og verið með slæmt skammtímaminni og myndi hún meira í dag en þetta hefði rifjast upp fyrir henni. Sagði vitnið að ákærði hefði kýlt brotþola eftir að hann var búinn að setja hann í sófann og þeir búnir að sparka hvor í annan en hún vissi ekki hve oft. Kvaðst vitnið kannast við að hafa, eins og hún lýsti hjá lögreglu, ekki vitað hvað hún ætti að gera þegar hún sá hvað var að gerast. Einnig væri rétt að strákarnir hefðu farið út og aftur inn en hún verið kyrr inni. Var vitninu kynnt að samkvæmt framburði hennar hjá lögreglu hefði hún á þessum tíma séð ákærða lemja brotþola og að brotþola hefði verið byrjað að blæða. Sagði vitnið að ákærði hefði kýlt brotþola eftir að hafa sett brotþola í sófann. Einnig hefðu þeir þá gefið hvor öðrum hnésþak og rífið hvor í annan, og nánar spurð sagði vitnið að ákærði hefði haldið fæti við brotþola til að halda honum í sófanum. Spurð hvort ákærði hefði ítrekað veitt brotþola hnefahögg í höfuðið sagði vitnið að það hefði verið meira þannig að höggin hefðu farið í öxl brotþola þar sem hann hefði alltaf verið að færa sig eða beygja sig frá. Var vitninu kynnt að samkvæmt skýrslu sem hún gaf hjá lögreglu hefði hún ítrekað kallað á ákærða sem hefði virst vera alveg *sónaður út* og hefði hún þá farið nær honum. Kvaðst vitnið muna eftir þessu og sagði að þetta hefði verið eftir að hún spurði hvort þetta væri ekki komið gott. Sagði vitnið að jafnt hefði verið komið á með þeim í byrjun og þegar hún togaði í ákærða hefði þetta verið orðið ósannngjarnt. Kvaðst hún ekki vita hvort einn af strákunum hefði staðið fyrir til að hindra að brotþoli kæmist burt, eins og hún sagði hjá lögreglu. Vitnið sagði að hún hefði séð ákærða lemja

brotapola með krepptum hnefa. Þeir hefðu verið við glerhurð við pallinn og bakkað á sófann og yfir á hinn enda sófans og verið þar þegar vitnið reyndi að tala við ákærða. Þá var vitninu kynnt að hún hefði hjá lögreglu sagt að flest högg ákærða hefðu lent á andliti brotapola sem hefði lyft höndunum til að reyna að verjast höggunum. Kvaðst hún nú ekki muna þetta svona heldur eins og hún hefði þegar lýst fyrir dóminum. Einnig var henni kynnt að hún hefði sagt hjá lögreglu að ákærði hefði slegið *inn á milli og ofan á höfuðið á brotapola*, sparkað nokkrum sinnum í höfuðið á honum, þar á meðal ennið, og þegar brotapoli lagðist á hlið hefði hann sparkað í vinstri hlið brotapola. Hann hefði stappað fætinum niður og þá hitt meira með tánum en hælnum en hællinn hefði einu sinni farið í ennið. Brotapoli hefði reynt að berjast á móti og kýla frá sér en ákærði hefði náð að verjast. Vitnið sagði að í dag myndi hún einungis að þeir hefðu báðir reynt að gera eitthvað. Þegar henni hefði fundist þetta vera orðið ósanngjarnt hefði brotapoli verið kominn í þá stöðu að hann náði ekki að verja sig og verið fastur við enda sófans og þá hefði hún dregið ákærða frá. Minnti hana að brotapoli hefði þá verið með blóðnasir.

R kvaðst hafa hitt ákærða og fleiri í strætóskýli og ákveðið að fara með þeim í [...] án þess að vita hvað þeir ætluðu að gera en ákærði hefði verið sá eini sem hann þekkti. Allir hefðu farið inn heima hjá brotapola nema hann og tveir aðrir sem hefðu staðið fyrir utan. Hann hefði heyrt öskur og talið að brotapoli hefði þá verið að meiða sig. Síðan hefði hann séð að brotapoli var í sófanum með blóð í andlitinu og grátandi en ekki séð að það væri verið að lemja hann. Ákærði hefði verið þarna við hlið brotapola, standandi. Hann hefði hvorki séð ákærða kýla né sparka í brotapola. Vitnið kvaðst einungis hafa verið inni í nokkrar sekúndur. Nánar spurður sagði vitnið að hann hefði séð ákærða sparka einu sinni í brotapola og hefði það verið létt spark sem ekki hefði farið beint í andlit brotapola. Brotapoli hefði þá verið við sófann og vissi hann ekki hvar sparkið lenti en hann hefði *séð fót*. Hefði brotapoli ekkert gert á móti og myndi hann segja að það hefði verið ákærði sem var að ráðast á brotapola. Eftir að hann sá þetta hefði hann farið og því ekki verið á staðnum þangað til þetta kláraðist.

B kvaðst hafa verið að leysa af í Hagkaupi í Spönginni sem öryggisvörður og á þessum tíma hefði enn verið grímuskylda. Hópur af strákum hefði komið inn í verslunina og hefði hann farið á eftir þeim og bent þeim á að það væru grímur við kassann sem þeir gætu fengið frítt. Allir nema einn hefðu hlustað á hann og hefði hann farið á eftir þessum eina og sagt honum að hann yrði að fara út ef hann ætlaði ekki að setja upp grímu. Síðan hefði hann vísað ákærða út og hefðu vinir hans farið með honum.

Brotapoli kvaðst fyrst hafa rätt við ákærða og gert honum grein fyrir þessu en hann ekki hlustað. Hefði hann þá sett hönd á öxl ákærða og sagt honum að hann yrði að fara út og þá hefðu nokkrir af hinum strákunum komið og sagt honum að fara út með þeim og hefði hann þá farið út. Spurður kvaðst brotapoli ekki hafa lyft ákærða upp heldur tekið í öxl hans og snúið honum við. Þeir hefðu síðan viljað tala við brotapolu fyrir utan verslunina og hefði hann farið út og spjallað við þá og hefðu þá á að giska átta til tólf manns staðið fyrir framan hann. Ákærði, sem hann hafði áður vísað út, hefði staðið fyrir aftan aðra stráka og kastað flösku, Stelli Artois bjórflösku, sem hefði farið beint í andlitið á honum. Hefði hann þá verið að segja strákunum að þessu væri lokið og þá staðið beint fyrir framan hurðina. Rétt yfir einn metri hefði verið á milli hans og ákærða þegar ákærði kastaði flöskunni. Kvaðst hann ekki hafa verið búinn að taka eftir flöskunni áður en vera viss um að þetta hefði verið sá sami og hann vísaði út. Hann hefði ekki séð hvernig ákærði kastaði flöskunni. Ákærði hefði staðið fyrir aftan hina strákana og hann því ekki séð hvað ákærði var að gera áður. Brotapoli kvaðst hafa vankast aðeins við þetta og talið að hann væri blindur á vinstra auganu þar sem mikið hefði blætt yfir það. Kvaðst hann hafa ætlað að fara á eftir árásarmanninum og reyna að ná honum og gengið af stað en þeir hefðu verið komnir of langt. Reyndist hann hafa fengið margar sprungur á ennið og sár efst á nefið. Þá hefði hann átt erfitt með svefn í nokkurn tíma eftir þetta og fengið svefnlyf. Hann hefði fengið heilahristing og verið með höfuðverk og frá vinnu í einn og hálfan til tvo mánuði. Hann tæki enn svefntöflur af og til en höfuðverkurinn færi minnkandi.

N sagði þau hafa verið að drekka heima hjá henni og hefðu síðan farið í Hagkaup. Kvaðst hún bæði þekkja ákærða og brotapolu. Ákærði hefði verið fullur og ekki með grímu en það hefði verið grímuskylda. Hann hefði farið með þeim inn í verslunina og þau hefðu öll fengið sér grímu nema hann. Brotapoli hefði reynt að stoppa ákærða og taldi vitnið að ákærði hefði ekki gert sér grein fyrir að brotapoli væri að tala við hann. Brotapoli hefði haldið áfram að tala við hann og sagt við ákærða að hann yrði að fara út. Þegar hún var á leið út úr versluninni hefði hún staðið á bak við brotapolu sem hefði verið inni í versluninni en ákærði fyrir utan. Þeir hefðu verið að rífast um það af hverju ákærði mætti ekki fara aftur inn í verslunina. Hún hefði verið í símanum og skyndilega fengið bjór og glerbrot yfir sig. Hún hefði ekki séð hver kastaði flöskunni. Ákærði hefði hlaupið fyrstur í burtu og síðan þau hin. Kvaðst hún hafa séð að það blæddi úr höfði brotapolu þegar hann kom til baka eftir að hafa farið á eftir ákærða. Staðfesti vitnið að ákærði hefði,

í versluninni, verið klæddur í bláa úlpu með hvítum merkingum og þekkja hann á framlögðum myndum þaðan.

S kvaðst hafa verið mjög ölvaður þegar atvik gerðust í Hagkaupi og ekkert muna eftir því.

T kvaðst lítið muna eftir atvikum. Þau hefðu verið að drekka og farið í Hagkaup en hann myndi ekki eftir því sem gerðist þar og hefði ekki séð þegar flöskunni var kastað.

F sagði þau hafa farið í Hagkaup en ákærði hefði neitað að setja upp grímu þegar öryggisvörður bað hann um það og hefði honum því verið sagt að fara út. Ákærði hefði þá sagt að hann ætlaði ekki að fara og verið pirraður út af þessu. Kvaðst vitnið síðan hafa verið í innganginum, öryggisvörðurinn í útidyrnum og ákærði úti og hefði verið fullt af fólki þarna. Hann hefði síðan heyrt eitthvað springa og hefði flaskan þá greinilega verið að lenda á andliti öryggisvarðarins og hefði ákærði þá hlaupið burt. Brotapoli hefði ætlað á eftir honum en síðan komið til baka og þá verið allur blóðugur. Vitnið og aðrir félagar ákærða hefðu síðan hlaupið burt og haldið áfram að djamma. Bjórflaskan hefði verið af tegundinni Stella Artois og hefði ákærði verið með hana í vasanum. Kvaðst vitnið þekkja ákærða á framlögðum myndum úr versluninni, í blárri úlpu með hvítum merkingum, og benti vitnið á að þar sæist að hann væri með flöskuna. Kvaðst vitnið ekki vita hvað það voru margir staddir á því svæði sem flöskunni var kastað frá. Brotapoli hefði farið beint út úr versluninni og ákærði verið að öskra á hann og spyrja hann af hverju sér hefði verið hent út. Síðan kvaðst vitnið hafa heyrt þegar flaskan sprakk og þegar hún datt í jörðina. Kvaðst hann ekki vita hvort flaskan hefði getað komið frá öðrum en ákærða. Á þessum tíma hefði ákærði ekki verið í góðu ástandi og verið í neyslu.

E sagði að hópur stráka hefði verið í Hagkaupi og einn úr hópnum ekki viljað vera með grímu og hefðu þeir því verið beðnir að fara út. Vitnið hefði verið að fara út með vinkonu sinni um svipað leyti og strákarnir og hefði hún þá séð einn þeirra kasta flöskunni. Kvaðst hún ekki vita hver það var sem gerði það eða hvernig hann leit út en kannast við vin hans F. Voru vitninu sýndar myndir af ákærða og félögum hans í versluninni og þekkti hún F á þeim myndum. Þetta hefði gerst í anddyrinu og hefði það verið glerflaska sem var kastað en hún vissi ekki nánar hvernig flaska það var. Eftir að flöskunni var kastað hefðu allir hlaupið burt og brotapoli á eftir þeim. Hann hefði ekki náð þeim og komið til baka. Sagði vitnið að sá sem kastaði flöskunni hefði áður beðið brotapola að koma út og tala við sig. Síðan hefði maðurinn kastað flöskunni og haldið um stútinn á flöskunni þegar hann kastaði henni og strákarnir hlaupið burt. Sá sem

kastaði flöskunni hefði staðið fyrir aftan hina strákana og hann hefði líka kallað á brotapolu. Sjálf hefði hún séð þann sem kastaði og hefði ekkert byrgt henni sýn á hann. Vitnið kvaðst hafa verið í öðrum gangi en heyrt þegar strákarnir voru með vesen og brotapolu sagði þeim að fara út. Hefði þetta snúist um það að þeir vildu ekki vera með grímu og vildu ekki fara út.

Lögreglumaður nr. G kvaðst hafa verið staddur innandyra að [...] þegar hann heyrði gríðarlegan hvell. Hefði hann strax farið út og séð hvar hvítum *pickup* var ekið inn götuna. Hefði hann kíkt á bifreiðina sem ekið hafði verið á og séð að enginn var í henni og á sama tíma hefði vitnið K einnig komið út. Hefði hann síðan farið að athuga með hina bifreiðina og hvort það væri í lagi með ökumann. Þegar þetta gerðist hefði verið fljúgandi háлка og dálítill snjór. Hann hefði séð af förunum eftir bifreiðina að henni hafði verið ekið inn götuna og hefði ökumaður greinilega misst stjórn á henni og ekið á kantinn öðrum megin við götuna og síðan einnig á kantinn hinum megin. Hefði hann séð að einungis þessari einu bifreið hafði verið ekið um götuna síðan það snjóaði um morguninn. Hefði ákærði verið búinn að leggja bifreiðinni í stæði við hús sem afi hans og amma byggju í og verið að horfa á bifreiðina. Hann hefði ekki verið æstur en svolítið stjarfur og hefði vitnið strax fundið áfengislykt og talið að ákærði væri líklega ölvaður og að það þyrfti að fá lögreglu á staðinn og einnig vegna þess að ákærði ók á brott af vettvangi. Kvaðst vitnið hafa kynnt sig sem lögreglumann og sagt að hann myndi kalla eftir aðstoð og hafa samband við lögreglu. Þá hefði ákærði orðið mjög æstur og talað um að hann vildi ekki fá lögreglu og að hann vildi ekki missa prófið aftur og vitnið hefði þá reynt að róa hann. Hefði ákærði síðan bakkað inn í horn þar sem inngangur í íbúð afa og ömmu ákærða er. Vitnið kvaðst hafa reynt að gera lítið úr aðkomu lögreglu og sagt að það væri einungis til þess að skoða tjónið. Hefði þetta endað með því að ákærði missti stjórn á skapi sínu og kýldi vitnið í andlitið þannig að gleraugu hans duttu af honum. Kvaðst hann hafa ýtt ákærða lengra inn í hornið og reynt að tefja málið þangað til lögreglan kæmi og fá ákærða til að vera rólegur. Ákærði hefði þá farið í vasann og tekið þaðan vasahníf, brotið hann út og sett hann upp að hálsinum á sér án þess að segja neitt og þannig hóttað að skera sig. Vitnið kvaðst hafa beðið ákærða að leggja hnífinn frá sér og vera ekki að skaða sig og hefði hann þannig komið lögreglu, sem hann var með á línunni, í skilning um hvað væri að gerast. Hefði hann náð að róa ákærða þannig að hann braut hnífinn saman. Faðir ákærða og afi hefðu síðan komið í dyrnar og hefði faðir ákærða skoðað bifreiðina og síðan æst sig við ákærða sem hefði þá orðið brjáláður aftur

og ráðist aftur á vitnið og kýlt hann nokkrum sinnum í andlitið. Hefði það endað með því að hann hefði náð að taka utan um ákærða og hefði ætlað að keyra hann niður í jörðina og leggjast ofan á hann en faðir ákærða þá komið og rífið þá í sundur og dregið ákærða inn og lokað. Þegar lögregla kom á vettvang hefði faðir ákærða komið til baka og sagt að ákærði væri farinn og hefði hann fundist nokkru síðar skammt frá.

Vitnið kvaðst ekki telja að nokkur annar en ákærði hefði getað ekið bifreiðinni. Önnur fótspor hefðu ekki legið frá henni auk þess sem hann hefði litið inn í bifreiðina og engan séð þar. Mjög stuttur tími, ekki meira en tvær mínútur og varla það, hefði liðið frá því að áreksturinn varð þangað til hann var kominn að bifreið ákærða. Hann hefði farið út um leið og hann heyrði hljóðið og áttaði sig á því að árekstur hefði orðið og séð þá að bifreiðinni var ekið út götuna. Ákærði hefði talað um að hann mætti ekki missa prófið og haft miklar áhyggjur af því en hefði ekki verið að spá í það hvort einhver hefði verið í hinni bifreiðinni. Hann hefði talað um að vera kominn í vandræði út af þessu en ekki viðurkennt beint akstur.

J kvaðst hafa heyrt læti fyrir utan og sent son sinn út til að kanna hvað hefði verið að gerast. Hann hefði komið til baka og sagt henni að bifreið hennar væri komin inn í næsta garð. Nágranni hennar hefði síðan komið og hún þá farið út. Það hefði verið snjór á götunni og einungis hefðu verið hjólför inn götuna í snjónum. Kvaðst hún hafa gengið inn götuna og hringt í lögregluna á sama tíma. Hún hefði síðan heyrt læti og grunað að það væru áflog í gangi og þá bakkað frá og lögregla hefði fljótlega komið á vettvang. Hún hefði aldrei séð ökumanninn né heldur hvaðan lætin komu.

K kvaðst hafa heyrt mikinn hvell úti og þá farið út ásamt fleirum úr nágrenninu. Hefði verið dimmt úti og fljúgandi hálkka. Þau hefðu séð að bifreið sem hafði verið kyrrstæð var komin inn í næsta garð og hefðu fyrstu viðbrögð þeirra verið að kanna hvort einhver hefði slasast en bifreiðin hefði reynst vera mannlaus. Þau hefðu séð hjólför í snjónum og ætlað að athuga með hina bifreiðina en þá hefði nágranni hennar, sem væri lögreglumaður, verið kominn og verið að tala við strák sem var þá kominn út úr bifreiðinni og enginn hefði reynst vera slasaður. Reynt hefði verið að róa strákinn niður en hann hefði verið í miklu uppnámi og viljað helst hlaupa burt. Lögreglumaðurinn hefði reynt að tala við hann og róa hann og hefði hún séð þegar strákurinn sló til lögreglumannsins og hann þá misst gleraugu sín. Þegar vitnið var að fara hefði ákærði dregið upp hníf og um það leyti hefði afi ákærða komið en þá hefðu þau verið búin að tala við ákærða í dálítinn tíma.

Vitnið kvaðst hafa hlaupið ásamt lögreglumanninum í átt að bifreiðinni en hann verið nokkrum sekúndum á undan henni. Kvaðst vitnið telja mjög ólíklegt að einhver annar en ákærði hefði ekið bifreiðinni, hann hefði verið úti og enginn annar sjáanlegur. Allan tímann sem hún var þarna hefði hún bara séð ákærða og afa hans sem býr í götunni. Hún hefði ekki séð bifreiðina í akstri en það hefði legið snjór yfir öllu og hjólför bifreiðarinnar sést en engin önnur hjólför.

Lögreglumaður nr. L kvaðst hafa ritað frumskýrslu vegna þeirra atvika sem greinir í ákæru frá 15. september 2022. Bifreið ákærða hefði verið stöðvuð á Höfðabakka við Stórhöfða. Þau hefðu rætt við ákærða sem hefði viðurkennt að vera án ökuréttinda og borið þess merki að vera undir áhrifum. Þau hefðu fengið munnvatnssýni frá ákærða sem reyndist vera jákvætt fyrir THC. Ákærði hefði þá verið handtekinn og honum kynnt réttarstaða sakbornings og hann fluttur á lögreglustöð þar sem tekið var úr honum blóð. Hann hefði einnig verið beðinn að gefa þvagsýni en ekki viljað það. Ákærða hefði verið kynnt handtökublað en vitnið kvaðst ekki muna hvort hann hefði lesið það en hann hefði neitað að skrifa undir það. Enginn vafi hefði verið á því að ákærði var að aka bifreiðinni umrætt sinn og hefði hann verið stöðvaður í akstri og hefði farþegi í bifreiðinni tekið við akstri hennar. Hefði ákærði verið rauðeygður, þurr í munni, sýnt skapsveiflur og verið almennt sljór og hefðu þau talið þetta benda til þess að hann gæti verið undir áhrifum.

Lögreglumaður nr. U sagði hvað varðaði þau atvik sem greinir í ákæru frá 15. september 2022 að þau hefðu verið að aka uppi á Höfða og þá séð ákærða aka bifreið og ákveðið að kanna með hann. Þau hefðu stöðvað ákærða við Bílasölu Guðfinns og rætt við hann. Ákærði hefði verið handtekinn og færður á lögreglustöð þar sem tekið var úr honum blóðsýni. Ákærði hefði verið ör í háttum og hefði hann talað um að hann ætti eftir að fara í verklegt bílpróf.

V, yfirlæknir á [...], sagði að ákærði hefði verið þar í göngudeildarþjónustu 6. nóvember 2017 til 14. janúar 2020 og hefði vitnið verið sérfræðilæknir í málinu. Ákærða hefði verið vísað þangað vegna hegðunarvanda og sagt að hann skorti innsýn í hegðun sína, hann sýndi litla iðrun og eftirsjá þegar eitthvað kæmi upp á og ætti erfitt með að sjá sinn hlut í því þegar eitthvað færi úrskaiðis. Hefðu verið áhyggjur af því að hann yrði sjálfum sér og öðrum hættulegur þegar hann tæki reiðiköst. Ákærði hefði verið greindur seint með [...]. Þá hefði hann glímt við aðlögunarvanda. Þegar hann loksins fékk þjónustu á [...] hefði hann verið lítt móttækilegur fyrir þjónustu. [...] og það þýddi að hann ætti erfitt með að setja sig í spor annarra og ætti í erfiðleikum með samskipti við

annað fólk og gæti verið *svarthvítur* í hugsun. Að auki væri hann með töluverð frávík í málþroska. . Ákærði hefði einnig verið [heilsufarsupplýsingar].

Var vitnið spurt hvers konar aðstoð ákærði þarfnast og sagðist vitnið ekki hafa séð ákærða í tvö ár en á sínum tíma hefði hann ekki verið móttækilegur fyrir aðstoð. Kvaðst vitnið telja að hann þyrfti umhverfismeðferð en í því fælist að hann þyrfti öruggt umhverfi til að hjálpa honum að ramma inn þessa erfiðu hegðun sem hann sýndi þegar hann var á [...]. Hann hefði verið á þrenns konar lyfjum en verið lítt móttækilegur fyrir lyfjameðferð. Eftir því sem á leið hefði ákærði orðið sífellt minna móttækilegur fyrir þjónustunni. Bættist fíknivandi ofan á vanda hjá einstaklingi sem svona væri ástatt um yrði vandinn miklu stærri og þyrfti meðferð við fíknivanda að vera forgangsatríði.

### III

#### *Niðurstæða 1. ákæruliðar ákæru frá 7. apríl 2022*

Ákærði er í 1. ákærulið ákæru fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás sem þar er talin er varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Sönnunarbyrði um skt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag hvílir á ákæruvaldinu og metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Samkvæmt 111. gr. sömu laga skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

Ákærði neitar sök. Hann sagði brotþola hafa boðið sér heim til sín að reykja og hefðu nokkrir vinir sínir komið þangað með sér. Brotþoli hefði nokkru áður byrjað fyrrum Z ákærða MDMA og brotið gegn henni kynferðislega. Hefði hann rætt við brotþola sem hefði viðurkennt þetta og kvaðst ákærði þá hafa verið orðinn pirraður og ýtt við brotþola. Brotþoli hefði þá ýtt við honum á móti og ákærði síðan kýlt brotþola og þeir farið að slást. Kvaðst hann ekki muna eftir að hafa sparkað í brotþola. Var ákærða kynnt að vitni hefðu borið um það hjá lögreglu að ákærði hefði m.a. lamið brotþola víða og sagði ákærði að það gæti verið rétt. Þá sagði hann að brotþoli hefði slegið hann hnefahögg og kannski einhver högg með hnjánum. Ákærði kvaðst ekki muna eftir að hafa sagt við lögreglu síðar um kvöldið að hann hefði lamið brotþola af því að hann hefði átt það skilið og ekki muna eftir að hafa skrifað á Snapchat að áverkar brotþola væru eftir hann.

Lýsing á atvikum í ákæru er í samræmi við lýsingu brotþola og að einhverju leyti vitna við rannsókn málsins. Þá sagði brotþoli að ákærði hefði kýlt hann ítrekað með krepptum hnefa og trampað á hálsi hans bæði þar sem hann lá á gólfi og í sófa. Fyrir dómi var framburður hans að mestu í samræmi við þann framburð. Kvaðst brotþoli ekki kannast við að hafa rætt við ákærða áður en atvik gerðust eða að hafa veist að Z ákærða eins og ákærði lýsti en ásakanir um slíkt á samfélagsmiðlum hefðu valdið sér mikilli vanlíðan. Sagði hann ákærða hafa slegið sig hnefahögg þegar hann kom inn í íbúðina og við það hefði hann dottið á gólfið og hefði ákærði þá trampað á höfði hans og slegið hann í höfuðið. Hann hefði síðan ýtt ákærða af sér og staðið upp en ákærði þá hent honum í sófa og slegið hann mörg högg í höfuðið. Kvaðst hann ekki hafa kýlt ákærða en haldið höndum fyrir andlitinu til að verja sig. Staðfesti brotþoli að lýsing í ákæru á afleiðingum árásarinnar væri rétt.

Eins og rakið hefur verið er framburður ákærða og brotþola fyrir dómi að mestu í samræmi við framburð þeirra hjá lögreglu. Fyrir liggur að nokkrir félagar ákærða komu með honum á vettvang. Mundu þeir lítið eftir atvikum þegar þeir gáfu skýrslur fyrir dómi og gat enginn þeirra borið um samtal milli ákærða og brotþola þegar ákærði kom þangað. Þá vissu þau ekki til þess að tilgangur ákærða með því að fara til brotþola hefði verið sá að ganga á hann vegna meints brots hans eða ráðast á hann. Við mat á framburði þessara vitna lítur dómurinn til 126. gr. laga um meðferð sakamála, en þau voru vinir eða kunningjar ákærða. Nokkuð einkennandi var fyrir framburð þeirra að þau töldu, eins og ákærði, að um slagsmál hefði verið að ræða en ekki árás af hálfu ákærða og þau reyndu að einhverju leyti að rétta hlut ákærða frá því sem var hjá lögreglu. Engu að síður má af framburði þeirra ráða að brotþoli hafi t.d. fært sig undan ákærða og á ljósmyndum sést að blóð var nokkuð dreift um rýmið. Þá liggur fyrir að brotþoli var með alvarlega áverka eftir atvikið en ákærði með litla áverka og enga sem staðfest er að séu eftir brotþola. Í ljósi framangreinds er það mat dómsins að framburður vitnanna, og þá aðallega O og P, sé ótrúverðugur hvað þetta varðar. Á það sama að hluta til einnig við um framburð vitnisins N, en hún staðfesti einnig að atvik hefðu gerst eins og lýst er í ákæru en kvaðst ekki hafa séð ákærða slá brotþola þegar hann kom inn á heimili hans en bæði ákærði og brotþoli lýstu því höggi fyrir dómi. Lýsti hún einnig því að ákærði hefði ítrekað slegið brotþola þegar hann var í sófanum og stigið á hann. Einnig kom fram hjá henni að hún hefði stoppað ákærða af þegar hún taldi að komið væri nóg.

Samkvæmt greinargerð réttarmeinafræðings og framburði vitnisins N var ákærði, sem er rétthentur, með áverka á hnúum hægra handar eftir atvikið. Geta þeir áverkar samrýmst því að hann hafi slegið hendinni í harðan flöt. Þá voru skór hans blóðugir og einnig fatnaður. Þar sem ekkert er fram komið um að blætt hafi úr ákærða bendir framangreint til þess að ákærði hafi haldið áfram atlögu sinni að brotaþola eftir að honum fór að blæða. Er það einnig í samræmi við aðstæður á vettvangi. Einnig er til þess að líta að á Snapchat-reikningi ákærða var brotaþoli sakaður um að hafa gefið Z hans MDMA og brotið gegn henni kynferðislega. Kom þar einnig fram að brotaþoli hefði verið lúbarinn og voru aðrir hvattir til að dreifa þessum upplýsingum. Er það mat dómsins að framangreint sé frá ákærða komið og beri vott um að ákærði taldi sig hafa tilefni til að ráðast á brotaþola.

Framburður brotaþola hefur verið stöðugur og trúverðugur í meginatriðum. Fær hann stuðning í framangreindu. Þá telst sannað af því sem fram kemur í greinargerð réttarmeinafræðings að brotaþoli hafi hlotið þá áverka sem í ákæru greinir. Segir þar að útlit áverkanna bendi til þess að þeir hafi orðið til eins og brotaþoli lýsti, við hnefahögg, stapp eða tramp. Sé ekki hægt að greina tilurð hvers og eins áverka fyrir utan það að útlit áverka á gagnaugasvæði bendi til þess að hann gæti verið eftir skósóla og styður það að ákærði hafi trampað þar á brotaþola. Fær þetta einnig stoð í vottorði læknis sem skoðaði brotaþola á slysideild. Í ákæru er háttsemi ákærða heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Eins og rakið hefur verið beindist árás ákærða að miklu leyti að höfði brotaþola og reyndist hann vera með útbreidda áverka á andliti og höfði, m.a. beinbrot og áverka á eyra. Þá kom fram í mati réttarmeinafræðingsins að endurtekin högg, spörk og tramp gegnt höfði, andliti og hálsi gæti haft í för með sér lífshættulegt ástand. Með vísan til framangreinds er það mat dómsins að atлага ákærða hafi verið sérstaklega hættuleg.

Þá er ekkert fram komið sem styður það að um slagsmál milli ákærða og brotaþola hafi verið að ræða eða að brotaþoli hafi gert annað en að reyna að verjast ákærða. Bar hann um að hann hefði óttast viðbrögð annarra viðstaddra ef hann myndi veitast að ákærða. Þá verður ekki af því sem fram er komið í málið staðhæft að fleiri en ákærði hafi veist að brotaþola. Er vörnum ákærða byggðum á þessu alfarið hafnað. Loks er ekkert fram komið sem bendir til þess að áverkarnir hafi orðið af völdum einhvers annars en ákærða eftir að hann fór af vettvangi.

Að öllu þessu virtu telur dómurinn sannað, sbr. 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í 1. ákærulið og er háttsemi hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

#### *Niðurstaða 2. ákæruliðar ákæru frá 7. apríl 2022*

Ákærði er í 2. ákærulið ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás. Ákærði neitar sök og kaus hann að tjá sig ekki um sakarefnið fyrir dómi og hafði heldur ekki tjáð sig um það við rannsókn lögreglu. Af fyrirbyggjandi framburði vitna má ráða að ákærði fór í verslunina þetta kvöld með nokkrum félögum sínum og að öryggisvörður hafði þá afskipti af ákærða þar sem hann bar ekki grímu fyrir vitum en grímuskylda var á þessum tíma vegna ríkjandi farsóttar. Var ákærða í kjölfarið vísað út úr versluninni.

Framburður brotþola um málsatvik hjá lögreglu og fyrir dómi hefur verið samhljóða um þau atvik er máli skipta. Hann sagði hjá lögreglu að það hefði verið ákærði, en fyrir dómi að það hefðu verið strákarnir, sem hefðu beðið hann að koma út að spjalla við sig og því stóð hann við útgang verslunarinnar. Ákærði og félagar hans hefðu staðið á móti honum við anddyrið. Hefði ákærði þá verið fyrir aftan féлага sína, og í rúmlega eins metra fjarlægð frá brotþola, og kastað þaðan flösku í andlit brotþola. Brotþoli var þess viss að sá sem kastaði væri sá sami og hann vísaði út úr versluninni en gögn benda öll til þess að það hafi verið ákærði. Þá staðfesti brotþoli að hafa við árásina fengið þá áverka sem í ákæru greinir.

Félagar ákærða sem voru með honum í versluninni staðfestu að þeir hefðu hlaupið á brott eftir að flaskan sprakk en gátu ekki staðfest að það hefði verið ákærði sem kastaði henni. Vitnin N og F sögðu ákærða hafi hlaupið fyrstan burt eftir að flaskan sprakk og sá síðarnefndi sagði að ákærði hefði verið með bjórflösku sömu tegundar í vasanum áður en atvik gerðust. Má það einnig sjá af myndum af ákærða þegar hann var inni í versluninni. Þá kom fram hjá F að ákærði hefði verið að öskra á brotþola skömmu áður en flöskunni var kastað. Einnig bar vitnið E um að hafa séð mann kasta flöskunni í brotþola og hefði það verið félagi vitnisins F. Sá sem kastaði flöskunni hefði áður beðið brotþola að koma út. Þá lýsti vitnið ætluðum geranda fyrir lögreglu á vettvangi í samræmi við útlit ákærða samkvæmt myndum úr versluninni.

Framburður brotþola hefur verið stöðugur og trúverðugur. Fær hann stuðning í framburði framangreindra vitna. Af þeim gögnum og vottorði lækni vegna komu brotþola á slysadeild í kjölfar atvikanna telur dómurinn sannað að ákærði hafi kastað

flöskunni í brotaþola sem við það hafi hlotið þá áverka sem í ákæru greinir. Í ákæru er háttsemi ákærða heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Árás ákærða beindist að höfði brotaþola og beitti hann hættulegu vopni og hefðu afleiðingar árásarinnar hæglega getað orðið enn alvarlegri. Hafa atlögur sem þessar í dómaframkvæmd verið metnar sérstaklega hættulegar. Með vísan til framangreinds er það einnig mat dómsins. Að öllu þessu virtu telur dómurinn sannað, sbr. 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í 2. ákærulið og er háttsemi hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

*Niðurstæða 3. og 4. ákæruliðar ákæru frá 7. apríl 2022*

Ákærði hefur skýlaust játað þá háttsemi sem honum er gefin að sök í 3. og 4. ákærulið. Um málsatvik er vísað til ákæru. Játning ákærða fær fulla stoð í gögnum málsins. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er þar gefin að sök og teljast brot ákærða vera réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

*Niðurstæða 5. ákæruliðar ákæru frá 7. apríl 2022*

Ákærði er í 5. ákærulið ákærður fyrir umferðarlagabrot. Hann neitar sök og tjáði sig hvorki um sakarefnið fyrir dómi né við rannsókn málsins. Fyrir liggur að bifreiðin [...] var í eigu föður ákærða og eftir ákeyrsluna var henni ekið að heimili afa ákærða. Við rannsókn málsins bar afi ákærða um að ákærði hefði komið akandi til hans á bifreið föður síns. Var honum við þá skýrslugjöf kynnt ákvæði b-liðar 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð sakamála og liggur framburður hans fyrir hljóðritaður. Vegna veikinda gat hann ekki gefið skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð málsins en verður engu að síður litið til framburðar hans við úrlausn málsins, sbr. 3. mgr. 111. gr. sömu laga.

Samkvæmt málgögnum og framburði neðangreindra vitna heyrðu þau skell og sáu í kjölfarið að ekið hafði verið á bifreiðina [...]. Bar lögreglumaður nr. G um að hafa í kjölfarið séð að bifreið var ekið áfram inn götuna. Þá sáu framangreindur lögreglumaður og vitnin J og K hjólför í snjónum sem lágu inn götuna og lögreglumaðurinn og K að bifreið hafði verið stöðvuð innar í götunni. Lögreglumaðurinn sagði fyrir dómi að einungis fótspor ákærða hefðu legið frá bifreiðinni þegar hann kom að henni skömmu síðar og að hann hefði litið inn í bifreiðina og þar hefði enginn verið. Einnig bar hann um að áfengislykt hefði verið af ákærða og að ákærði hefði lýst áhyggjum sínum af því

að missa prófið og hefði ekki viljað að lögregla yrði kölluð á vettvang. Þá hefði ákærði verið æstur og bæði ráðist á vitnið og hótad því að skaða sig með hnífi.

Fyrir liggur upptaka úr eftirlitsmyndavél á húsi í götunni. Á henni má sjá þegar bifreið, eins og þeirri sem ákærði var á, var ekið inn götuna og ökumaður missti stjórn á henni. Lenti bifreiðin þá fyrst á kantinum öðrum megin við götuna og síðan einnig hinum megin þar sem hún skall á bifreiðina [...]. Þá má sjá að ökumaður ók bifreiðinni strax af vettvangi og inn götuna áleiðis þangað sem hún var þegar vitnin komu að henni.

Með vísan til framangreinds telur dómurinn sannað að ákærði hafi ekið bifreiðinni eins og greinir í ákæru. Ekkert liggur fyrir sem bendir til þess að ákærði hafi drukkið áfengi eða notað fíkniefni eftir að akstri lauk. Tekið var blóðsýni úr ákærða þegar hann var handtekinn skömmu síðar. Samkvæmt framangreindri matsgerð telst sannað að kókaín hafi greinst í blóði ákærða eins og rakið er í ákæru. Jafnframt liggur fyrir niðurstaða alkóhólranssóknar en samkvæmt henni greindist alkóhól í blóði hans eins og þar greinir. Samkvæmt 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga má enginn stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim eða ef hann telst óhæfur til að stjórna ökutæki vegna neyslu lyfja, sbr. 6. mgr. 48. gr. Þá segir í 2. mgr. lagaákvæðisins að mælist ávana- og fíkniefni eða lyf samkvæmt 1. mgr., sbr. 6. mgr. 48. gr., í blóði ökumanns teljist hann vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna eða lyfja og óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega.

Samkvæmt dómafordæmum, t.d. dómi Hæstaréttar í máli nr. 254/2008, sem kveðinn var upp 19. júní 2008, breytir huglægt mat ákærða á því hvort hann væri í reynd undir áhrifum engu. Þágildandi lög höfðu sambærilegt orðalag og nú er í umferðarlögum nr. 77/2019, hvað það varðar að mælist ávana- og fíkniefni í blóði ökumanns teljist hann óhæfur til að stjórna ökutæki. Loks liggur fyrir að ákærði var sviptur ökurétti í 18 mánuði frá 18. desember 2020 og því sviptur þegar atvik gerðust. Ákærða bar samkvæmt d-lið 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga að tilkynna lögreglu um það tjón sem hann olli er hann ók á bifreiðina [...]. Með framburði framangreindra vitna og upptöku af atvikum telst jafnframt sannað að ákærði hafi ekki sinnt skyldum sínum í kjölfar umferðaróhappsins heldur ekið af vettvangi og telst hann því hafa brotið gegn framangreindu lagaákvæði.

Að öllu þessu virtu telur dómurinn sannað, sbr. 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í ákæru og eru brot hans þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

*Niðurstaða vegna ákæru 15. september 2022*

Ákærði er í ákæru frá 15. september 2022 ákærður fyrir umferðarlagabrot. Hann neitar sök og kaus að tjá sig ekki um þessa háttsemi í skýrslu sinni fyrir dómi. Þeir lögreglumenn sem höfðu afskipti af ákærða umrætt sinn komu fyrir dóminn og staðfestu að hafa stöðvað ákærða og sögðu hann þá hafa sýnt einkenni þess að vera undir áhrifum vímuefna. Óumdeilt er að tekið var blóðsýni úr ákærða þegar hann var handtekinn. Fyrir liggur framangreind matsgerð, og telst með henni sannað að tetrahydrókannabínól hafi greinst í blóði ákærða, eins og rakið er í ákæru.

Eins og rakið er hér að framan telst ökumaður, samkvæmt 1. og 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga, vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna eða lyfja og óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega mælist fíkniefni í blóði hans. Breytir huglægt mat ökumanns á því hvort hann sé í reynd undir áhrifum engu. Svipting sú sem ákærða var gerð í 18 mánuði frá 18. desember 2020 rann út 18. júní 2022 og er því ósannað að hann hafi verið sviptur ökurétti 10. júlí 2022 þegar atvik gerðust. Verður ákærði því sýknaður af broti gegn 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga.

Að öllu þessu virtu telur dómurinn sannað, sbr. 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í ákæru, að undanskildu broti gegn 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga, og eru brot hans að öðru leyti réttilega heimfærð til refsíákvæða.

#### IV

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 26. júlí 2022, gekkst ákærði 18. desember 2020 undir greiðslu sektar og sviptingu ökuréttar með sektargerð lögreglustjóra vegna umferðarlagabrota og var hann þá sviptur ökurétti í 18 mánuði. Ákærði hafði þá ekki náð 18 ára aldri, sbr. 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga, og hefur sektargerðin því ekki ítrekunaráhrif nú við ákvörðun refsingar vegna umferðarlagabrota. Engu að síður telst refsing vegna brots ákærða samkvæmt 1. ákærulið ákærunnar vera hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga vegna framangreindrar sektargerðar.

Ákærði hefur verið greindur með m.a. [...], Glímir hann við margþættan vanda vegna þessa samkvæmt framburði V geðlæknis. Er ekkert fram komið sem bendir til þess

að það hafi áhrif á sakhæfi hans eða til þess að refsing geti ekki borið árangur, sbr. 16. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ákærða er honum, til málsbóta, litið til skýlausrar játningar hans fyrir dómi hvað varðar 3. og 4. ákærulið ákæru frá 7. apríl 2022, sbr. 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Einnig er horft til þess að ákærði hefur leitað sér aðstoðar vegna fíknivanda og lagði fyrir dóminn vottorð til staðfestingar á því. Til þyngingar er litið til eðlis og alvarleika þeirra brota sem hann hefur verið sakfelldur fyrir samkvæmt 1., 2. og 4. ákærulið. Er til þess horft að árásir ákærða samkvæmt 1. og 2. ákærulið beindust að lífi og heilsu brotþola, sbr. 1. og 3. tl. 1. mgr. 70. gr. sömu laga, og má mildi telja að afleiðingar árásanna urðu ekki alvarlegri. Þrátt fyrir framburð ákærða um að brotþoli hafi brotið gegn fyrrum Z hans er ósannað að ákærði hafi framið það brot sem greinir í 1. ákærulið ákæru frá 7. apríl 2022 í mikilli reiði eða geðæsingum sem brotþoli hefur vakið hjá honum þannig að forsendur séu til að líta til 4. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar. Loks lítur dómurinn, til refsilækkunar, til 2. tl. sama lagaákvæðis vegna ungs aldurs ákærða en hann var undir 18 ára aldri þegar hann framdi þau brot er greinir í ákæru frá 7. apríl 2022. Samkvæmt framangreindu og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tíu mánuði skilorðsbundið, eins og í dómsorðið greinir. Þá verður ákærða að auki, með vísan til 57. gr. a í almennum hegningarlögum, gert að greiða 730.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, en sæti ella fangelsi í 34 daga.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru er ákærði sviptur ökurétti í þrjú ár og þrjá mánuði og honum gert að sæta upptöku á 1,97 g af maríjúana og 0,35 g af tóbaksblönduðu kannabisefni sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

## V

Í ákæru frá 7. apríl 2022 er getið um bótakröfur brotþola samkvæmt 1. og 2. ákærulið. Brotþoli samkvæmt 1. ákærulið krefst þess að ákærði greiði honum miskabætur að fjárhæð 800.000 krónur, útlagðan kostnað vegna sálfræðiviðtala, 86.600 krónur, sjúkrakostnað vegna komu á slysideild, 10.556 krónur, og þjáningabætur í þrjá mánuði eftir tjónsdag, samtals 186.760 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta eins og nánar greinir í ákæru. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt brot gagnvart brotþola og framlögð gögn benda til þess að brotþoli hafi orðið fyrir miska vegna afleiðinga

árásarinnar. Hefur ákærði með háttsemi sinni bakað sér bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin, með hliðsjón af atvikum og dómafordæmum, 600.000 krónur. Einnig greiði ákærði brotþola sjúkrakostnað að fjárhæð 97.156 krónur. Krafa brotþola um þjáningabætur í þrjá mánuði er rökstudd með vísan til þess að um sé að ræða þann tíma sem kinnbeinsbrot og sprungin hljóðhimna *gangi til baka*. Sú staðhæfing og krafan að öðru leyti er ekki studd gögnum og er henni því hafnað.

Hvað varðar brotþola samkvæmt 2. ákærulið þá gerir hann kröfu um að ákærði greiði honum 700.000 krónur auk vaxta og dráttarvaxta. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt brot gagnvart brotþola og framlögð gögn benda til þess að brotþoli hafi orðið fyrir miska vegna afleiðinga árásarinnar. Hefur ákærði með háttsemi sinni bakað sér bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin, með hliðsjón af atvikum og dómafordæmum, 400.000 krónur. Ákærði greiði brotþola 250.000 krónur í málskostnað.

Þá greiði ákærði vexti og dráttarvexti af dæmdum fjárhæðum eins og nánar greinir í dómsorði. Við ákvörðun um upphafstíma dráttarvaxta er horft til þess að ákærða voru birtar bótakröfurnar ásamt fyrirskalli 2. maí 2022.

## VI

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, 1.100.000 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola A, Styrmis Gunnarssonar lögmanns, 700.000 krónur, að teknu tilliti til virðisaukaskatts og vinnu lögmannanna á rannsóknarstigi. Þá greiði ákærði 572.006 krónur í sakarkostnað samkvæmt framlögðum yfirlitum ákæruvaldsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Við uppkvaðningu dómsins er gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð sakamála.

## D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í tíu mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði 730.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa að telja en sæti ella fangelsi í 34 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti þrjú ár og þrjú mánuði.

Ákærði sæti upptöku á 1,97 g af maríjúana og 0,35 g af tóbaksblönduðu kannabisefni.

Ákærði greiði A 697.156 krónur, auk vaxta af 97.156 krónum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, og af 600.000 krónum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 18. júlí 2020 til 2. júní 2022 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði B 400.000 krónur, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 3. desember 2021 til 2. júní 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 250.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, 1.100.000 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotaþola, A, Styrmis Gunnarssonar lögmanns, 700.000 krónur, og 572.006 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign)